



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. júní 2021
Tilvísun: 2021060316/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 200/2020, um innflutning hunda og katta

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur(HER) hefur tekið til umsagnar mál nr. 132/2021 í samráðsgátt, um drög að reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 200/2020, um innflutning hunda og katta. HER hefur farið yfir drögin og þau gögn sem þeim fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

HER gerir ekki efnislegar athugasemdir við drögin en telur að bæta mætti við ákvæði um að dýr sem flutt eru til landsins fái ekki afhent frá einangrunarstöð fyrr en búið sé að ganga frá skráningu þeirra hjá viðkomandi sveitarfélagi, sé hennar krafist. Með því móti mætti draga úr fjölda óskráðra dýra.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Helgi Guðjónsson
Helgi Guðjónsson
Heilbrigðisfulltrúi